

Sendi hér upplýsingar sem eru á heimasíðu ASÍ þetta eru bæklingar sem eru gefnir út og uppfærðir eftir þörfum. Á heimasíðunni eru tilgreind þau félög sem heyra undir ASÍ og þar er hægt að kynna sér nánar hvað hvert og eitt félag er að bjóða upp á.

Efnahagsþrengingar - mikilvægar upplýsingar

Atvinnulíf Íslendinga gengur nú í gegnum mikinn ólgusjó og óvissan knýr dyra á mörgum heimilum. Skrifstofa Alþýðusambandsins hefur fundið fyrir aukinni eftirspurn eftir allskyns upplýsingum er varða réttindamál launafólks.

09. janúar 2009

[Spurt og svarað](#)

Í þessu skjali er að finna samantekin svör við flestum þeim spurningum sem rekja má út úr því upplýsingaefni sem ASÍ hefur gefið út vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga. Fjallað er um uppsagnir, hópuppsagnir, aðilaskipti, gjaldprot, atvinnuleysi, atvinnuleysisbætur þ.m.t. hlutabætur, innistæður í bönkum, lífeyriseignir og ýmis úrræði vegna greiðsluferfiðleika.

[Lesið meira](#)

02. desember 2008

[Iðgjöld til lífeyrissjóðanna tapast þau og hver er staða sjóðanna](#)

Vegna þeirra efnahagsörðugleika sem á hafa dunið er fyrirsjáanlegt að lífeyrissjóðir landsmanna munu rýrna og margir spyrja sig hvað verði um þau iðgjöld sem þessa dagana er verið að innheimta til lífeyrissjóðanna og hver sé staða lífeyrissjóðanna almennt.

[Lesið meira](#)

25. nóvember 2008

[Rekstrarerfiðleikar, atvinnuleysi og réttarstaða launafólks](#)

Launafólk finnur hratt fyrir rekstrarerfiðleikum þeirra fyrirtækja sem það starfar hjá. Afleiðingar þeirra eru uppsagnir, hópuppsagnir, aðilaskipti að rekstri, gjaldprot og atvinnuleysi. Mikilvægt er að staðið sé rétt að öllum breytingum og að réttindi launafólks séu ekki fyrir borð borin. Í þessu upplýsingariti ASÍ er gerð grein fyrir helstu reglum á þessu sviði og fjallað ítarlega um atvinnuleysisbætur, skert starfshlutfall og hlutabætur sem er nýtt úrræði og loks er fjallað um atvinnuleit, endurmenntun o.fl.

[Lesið meira](#)

21. nóvember 2008

[Greiðsluferfiðleikaúrræði](#)

Margar fjölskyldur standa frammi fyrir erfiðleikum við að greiða af lánum sem tekin hafa verið til öflunar íbúðarhúsnæðis eða til neyslu. Hér er gerð grein fyrir úrræðum lántakenda hjá Íbúðalánasjóði, hjá lífeyrissjóðunum auk þess sem sérstök grein er gerð fyrir nýju úrræði til þess að lækka greiðslubyrði verðtryggðra fasteignaveðlana.

[Lesið meira](#)

21. október 2008

[Fjármál heimilanna í efnahagsþrengingum](#)

Í þessu upplýsingariti eru tekin saman úrræði sem heimilin geta nýtt sér til að fá yfirsýn yfir fjárhagsstöðu sína og fjallað leiðir sem færar eru ef greiðsluferfiðleikar blasa við.

[Lesið meira](#)

06. nóvember 2008

[Námskeiðahald í efnahagsþrengingum](#)

16. október 2008

[Information for Foreigners – useful websites](#)

11. október 2008

[Vinnuverndarstarf á óvissutímum](#)

10. október 2008

[Hvaða inneignir almennings eru tryggðar hjá bönkunum?](#)

Gagnlegir tenglar

[Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - samstarf um menntunarúrræði](#)

[Ísland.is - Leiðarvísir að opinberri þjónustu](#)

[Upplýsingasíða forsætisráðuneytisins](#)

[ASÍ - ýmsar upplýsingar um atvinnumissi](#)

[Upplýsingasíða félags- og tryggingamálaráðuneytisins](#)

[Vinnuálastofnun - Atvinnuleysistryggingar](#)

[Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna](#)

Error! Hyperlink reference not valid.

[Landlæknir](#)

[Vinnuvernd](#)

[Rauði krossinn - sálrænn stuðningur](#)

[Ráðgjafatorg Akureyrarbæjar](#)

[The Economic crisis - The Icelandic Government Information Center](#)

[Fjölmenningarsetur - Multicultural information center](#)

Starfsgreinasambandið http://www.sgs.is/default.asp?sid_id=43476&tre_rod=009|001|&tld=1

Upplýsingar fyrir stéttarfélög og erlent launafólk

Alþýðusamband Ísland hefur á undanförunum árum ásamt aðildarfélögum sínum unnið markvist að því verkefni að tryggja að þátttaka erlends launafólks og fyrirtækja á íslenskum vinnumarkaði sé á forsendum laga og kjarasamninga og þeim hefðum sem hér gilda í samskiptum stéttarfélag, launafólks og atvinnurekanda.

Í því starfi hefur miklu verið áorkað. Löggjöf er snýr að starfskjörum erlends launafólks hefur verið styrkt verulega, aðilar vinnumarkaðarins hafa tekið höndum saman í baráttunni gegn félagslegum undirboðum og stéttarfélög um land allt unnið ötulllega við að koma upplýsingum á framfæri við erlent launafólk um réttindi þess og liðsinnt þeim þegar á hefur þurft að halda.

Ýmis konar kynningarefni hefur verið gefið út á erlendum tungum, einkum á pólsku, ensku og portúgölsku. Mörg aðildarfélag ASÍ hafa einnig gefið út efni til nota í þessu starfi, til dreifingar úti á vinnustöðum og til birtingar á sínum heimasíðum.

Það efni sem ASÍ hefur haft forgöngu um að gefa út á síðustu árum er hér gert aðgengilegt fyrir alla á einum stað, ásamt ýmsum öðru efni er tengist þessu verkefni.

Langmest af þessu efni er á íslensku, þ.m.t. kynningarefni, lög, eyðublöð og fleira. Er það efni einkum ætlað fyrir starfsmenn stéttarféлага sem sinna eftirliti með starfskjörum erlends launafólks úti á vinnustöðum. Nánar er gerð grein fyrir því efni hér fyrir neðan. Sjálft efnið er birt á undirsíðu hér til vinstri. Hluti þessa efnis er einnig til á pólsku, ensku, portúgölsku, tailensku og litháesku og er það efni aðgengilegt á undirsíðu hér til vinstri.

1. Upplýsingar um réttindi og skyldur

Fremst fer nýr bæklingur ASÍ og SA um réttindi og kjör erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði sem kom út á prenti 25. september 2007 og kynntur var sama dag á fjölmennum fundi sem bar yfirskriftina "Átak gegn brotastarfsemi fyrirtækja og félagslegum undirboðum með útlendinga". Í þessu riti er að finna greinargóðar upplýsingar um launakerfi kjarsamninga, vinnutíma, orlofsmál, veikinda- og slysarétt, uppsagnir ráðningarsamninga, skil á félagsgjöldum o.fl. Ritið er gefið út á íslensku, pólsku og ensku, ásamt sameiginlegri útgáfu á íslensku og pólsku.

Hér er einnig birt samantekt ASÍ um atvinnu- og dvalarréttindi erlendra launamanna og lagalega stöðu þeirra eftir því hvort þeir koma frá EES-svæðinu eða utan þess og eftir því á hvaða forsendum þeir starfa hér á landi, þ.e. í beinni ráðningu eða á vegum erlendra verktaka eða starfsmannaleiga. Auk þess er þar að finna umfjöllun og leiðbeiningar um fyrirkomulag vinnustaðaeftirlits stéttarféлага.

Bæklingurinn "Vinna á Islandi" er hér einnig birtur en hann hefur farið víða á síðustu árum og reynst mjög gagnlegur í starfi stéttarfélaganna úti á vinnustöðunum.

2. Lög og reglur

Tenglar á lög er varða málefni erlends launafólks.

3. Kjarasamningar o.fl.

Kjarasamningar eru meginheimildin um laun og önnur starfskjör á íslenskum vinnumarkaði og er gert grein fyrir meginefni þeirra í sameiginlegum bæklingi ASÍ og SA sem getið er um hér að framan. Þeir samningar eru aðgengilegir á heimasíðum stéttarféлага og landssambanda þeirra.

Samkomulag ASÍ og SA um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá 2004 er hins vegar birt hér. Samkomulagið hefur að geyma skuldbindingu aðila vinnumarkaðarins gagnvart því verkefni að stemma stigu við félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði. Þar er einnig kveðið á rétt trúnaðarmanna stéttarféлага eða stéttarfélaganna sjálfra sé ekki trúnaðarmaður á vinnustað til að afla upplýsinga beint frá atvinnurekanda um laun og önnur starfskjör erlendra launamanna sem þar starfa.

4. Bréf

Form að bréfum stéttarféлага til Vinnumálastofnunar vegna laga um atvinnuréttindi útlendinga o.fl.

5. Tenglar

Tenglar á heimasíður opinberra stofnana sem með einum eða öðrum hætti koma að málefnum vinnumarkaðsins, þ. á m. Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun.

Hér eru jafnframt tenglar á heimasíður Alþjóðahús og Fjölmenningssetur en þær stofnanir hafa gegnt lykilhlutverki við að auðvelda aðlögun útlendinga að íslenskum samfélagi.

Vinna á Íslandi - stutt kynningarefni

sjá önnur tungumál vinstra megin á síðunni.

[Trabajo en Islandia - Espanol \(spænska\)](#)

[Ang pagtrabaho sa Iceland \(tagalog\)](#)

[Bæklingur á rússnesku](#)